

Auglýsingar í íþróttamannvirkjum og á íþróttasvæðum Skagafjarðar.

REGLUR

vegna auglýsinga á/í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum

1. gr. Auglýsingar

Í fjáröflunarskyni er íþróttafélögum og einstökum deildum þeirra heimilt að setja upp auglýsingar í íþróttamannvirkjum Skagafjarðar. Auglýsingarnar skulu samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðs lífennis. Ekki er heimilt að auglýsa vöru eða vörumerki sem ekki eru ætluð börnum undir 18 ára aldri.

Auglýsingar sem varða stjórnsmál, trúsmál eða sem brjóta í bága við jafnrétti kynjanna eða almennt velsæmi, eru ekki leyfilegar. Einnig ber að virða almenn landslög sem kveða á um efni auglýsinga eða bann við þeim sbr. lög um bann við auglýsingum um tóbak og áfengi nr. 6/2002 og lög um samkeppni nr. 8/1993.

2. gr. Auglýsingar innanhús í íþróttamannvirkjum

Íþróttafélögum er heimilt er að setja upp auglýsingar á veggum í íþróttamannvirkjum í samræmi við 1. gr. þar sem meistaraflokkslið félagsins er með skráðan heimavöll í Íslandsmótum. Slíkt skal þó ávallt gert í samráði við frístundastjóra og fulltrúa eignasjóðs.

3. gr. Auglýsingar utanhúss á íþróttamannvirki

Auglýsingar utan á íþróttamannvirki í eigu Skagafjarðar eru almennt ekki leyfðar. Heimild til uppsetningar á auglýsingum utan á íþróttamannvirkin er háð leyfi félagsmála- og tómstundaneftndar. Uppsetning skal vera í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar nr. 112/2012.

4. gr. Nafngift á íþróttamannvirkjum í auglýsingaskyni.

- a) Heimilt er að breyta nafngift íþróttamannvirkis tímabundið í auglýsingaskyni ef viðkomandi íþróttafélag sem eftir því óskar er með rekstarsamning við Skagafjörð um rekstur viðkomandi íþróttamannvirkis. Heimildin er háð samþykki félagsmála- og tómstundaneftndar fyrir nafngiftinni/auglýsingunni hverju sinni. Uppsetning skal vera í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar nr. 112/2012.
- b) Heimilt er að breyta nafngift íþróttamannvirkis tímabundið í auglýsingaskyni ef að íþróttamannvirkið er heimavöllur meistaraflokks/a viðkomandi félags sem eftir því óskar í Íslandsmótum að undangengnu samþykki félagsmála- og tómstundaneftndar fyrir nafngiftinni/auglýsingunni. Nafngiftin er fyrst og fremst til notkunar í umfjöllun um Íslandsmótsviðburði í íþróttamannvirkinu. Ekki er heimilt að setja skilti með auglýsingu/nafngift utan á íþróttamannvirkið í þessu tilfalli.



Auglýsingar í íþróttamannvirkjum og á íþróttasvæðum Skagafjarðar.

5. gr. Auglýsingar á íþróttasvæðum

Auglýsingar á íþróttasvæðum skiptast í eftirfarandi:

- a) auglýsingar á íþróttaleikvöngum sem **snúa inn á við**, að leikvanginum, eru óháðar leyfum
- b) auglýsingar **sem ekki snúa að** íþróttaleikvanginum eru háðar leyfum

6. gr. Vanefndarúrræði

Ef þessum reglum er ekki fylgt, skal frístundastjóri veita viku frest til úrbóta. Krafan skal vera skrifleg og móttækin af formanni viðkomandi félags. Verði ekki orðið við útbótum eftir ábendingar þess efnis innan tilskilins frests áskilur Skagafjörður sér rétt til að fjarlægja auglýsingar sem eru settar upp án heimilda á kostnað hlutaðeigandi aðilda.

Brot á ákvæði á 4. gr. getur einnig útilokað aðgengi félags að æfingátímum í viðkomandi íþróttamannvirki ef ekki verður orðið strax við úrbótum.

Samþykkt á fundi félagsmála- og tómstundanefndar 1. febrúar 2024